



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Seljakot og Seljaborg

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra	3
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	5
3.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	7
4.	Starfsþróunarsamtöl.....	11
5.	Fræðsla almennt út frá umbótaáttum leikskólans	11
6.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	12
7.	Foreldrasamstarf	12
8.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	13
9.	Fylgiskjöl:	13
9.1	Innra mat sérkenndu í Seljakot 2025-2026	13
9.2	Innra mat Mýri og Mói 2025-2026	14
9.3	Umbótaáætlun Mýri og Mói 2026-2027	14
9.4	Innra mat Sel, Kot og Ból 2025-2026	16
9.5	Umbótaáætlun Sel, Ból og Kot 2026-2027	16
9.6	Innra mat fjölmennningar í Seljakot og Seljaborg 2025-2026	17
9.7	Umbótaáætlun fjölmennningar Seljakot og Seljaborg 2026-2027	18
9.8	Innra mat sérkenndu í Seljaborg 2025-2026	19
9.9	Innra mat Lækur og Tjörn 2025-2026	20
9.10	Umbótaáætlun Lækur og Tjörn 2026-2027	20
9.11	Innra mat Lundur 2025-2026	22
9.12	Umbótaáætlun Lundur 2026-2027	22
9.13	Umsögn foreldraráðs.....	24





1. Greinargerð leikskólastjóra

Enn á ný er komið lokum skemmtilegs starfsárs. Eins og vanalega voru verkefni síðasta starfsárs fjölbreytt og krefjandi en ekki síður skemmtileg. Hefðbundin verkefni sem snúa að uppeldisstarfi, rekstri leikskólanna, starfsmannahaldi og foreldrasamstarfi voru á sínum stað ásamt mörgum nýjum og óvæntum verkefnum sem kölluðu á sveigjanleika og lausnamiðaða hugsun.

Þetta starfsár var mitt fyrsta sem leikskólastjóri og hefur það reynst bæði krefjandi og afar lærdómsríkt. Ég hef notið ómetanlegs stuðnings frá Sigríði fráfarandi skólastjóra sem og frá Söru aðstoðarleikskólastjóra sem hefur reynst afar dýrmætur samstarfsaðili.

Starfsmannahaldið var áskorun á árinu en þrátt fyrir það horfi ég bjartsýn til komandi vetrar. Fram undan er markviss vinna í umbótaþáttum sem snúa að starfsmannamálum með það að markmiði að efla starfsumhverfi, stöðugleika og fagmennsku í starfinu.

Framkvæmdir við Seljaborg hafa gengið vonum frammar og hlakka ég mikið til að taka í notkun nýja deild og bætta starfsmannaaðstöðu. Þær breytingar munu hafa verulega jákvæð áhrif á starfsemi leikskólans og aðbúnað bæði barna og starfsfólks.

Vinna við nýja sameiginlega skólanámskrá Seljakots og Seljaborgar gekk vel á starfsárinu og nú á eingöngu eftir að leggja lokahönd á hana. Sú vinna hefur verið mikilvægur liður í að samræma faglegt starf og styrkja sameiginlega sýn.

Skipulagsdagar okkar voru vel nýttir til endurmenntunar og þróunar starfsins. Þar má nefna fræðslu um mat á starfi, málþroska og læsi leikskólabarna frá Miðju máls og læsis sem og fræðslu um málefni hinsegin fólks, staðalmyndir og fordóma í tengslum við Regnbogavottun. Við erum afar stolt að segja frá því að við hlutum Regnbogavottun í mars og í kjölfarið á því var haldin gleðivika í leikskólunum sem tókst afar vel og skapaði jákvæða stemningu meðal barna, starfsfólks og foreldra. Við fengum einnig þjálfun í skyndihjálpi sem er mikilvægur þáttur í að tryggja öryggi og viðbragðsgetu innan leikskólans. Einnig sótti starfsfólk ráðstefnur meðal annars í tilefni af Degi leikskólans undir yfirskriftinni „Leikur og samskipti – hjartað í námi barna“ og ráðstefnuna „Hvað er leikskóli?“ á vegum Félags leikskólakennara og Samtaka áhugafólks um skólaþróun.





Nú á vormánuðum var tekin sú ákvörðun að skilja rekstur Seljakots og Seljaborgar að. Frá og með haustinu munu nýir stjórnendur taka við stjórn Seljaborgar og óskum við þeim velfarnaðar í því mikilvæga og spennandi verkefni. Þó breytingarnar marki ný tímamót fylgir því ákveðinn söknuður, Seljaborg sem hefur verið órjúfanlegur hluti af sameiginlegri vegferð skólanna undanfarin ár. Um leið ber að horfa til framtíðar með bjartsýni og þakklæti fyrir það góða samstarf og þann árangur sem náðst hefur. Með öflugum og samstilltum starfsmannahópi hlakka ég til að takast á við nýtt starfsár og halda áfram að efla faglegt og metnaðarfullt leikskólastarf.

Hulda Karen Eyjólfsdóttir





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Hvað var metið?	Regnbogavottun
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram með reglulegum fundum rýnihóps þar sem framvinda verkefnisins var rædd og metin í tengslum við aðgerðaráætlun.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Í matinu tóku þátt skólastjórnendur, starfsfólk leikskólans og rýnihópur verkefnisins sem hafði umsjón með framvindu þess.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Við höfum hlotið nafnbótina Regnbogavottaður leikskóli. Það felur í sér að auka skilning og meðvitund meðal starfsfólks um mikilvægi fjölbreytileika og réttinda hinsegin fólks. Gerð var skýr aðgerðaráætlun þar sem fram koma þættir eins og að auka sýnileika fjölbreytileikans í námsumhverfinu ásamt því auka fræðslu til starfsfólks.

Hvað var metið?	Hvar liggja styrkleikar og veikleikar í starfi leikskólanna.
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram á skipulagsdegi
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk leikskólans, fyrst í hópum þvert á skóla og deildar og svo á deildarfundum.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Helstu styrkleikar leikskólans voru: Sterk leikmenning og flæði í starfinu Starfsfólk meðvitað og faglegt Samskipti og samstarf gott Helstu umbótaþættir: Skipulag á ákveðinna tíma dags má skoða (sérstaklega hvíld og seinni partur). Markvissari skráningar og nýting þeirra. Aukið samstarf og upplýsingaflæði til foreldra.





	Skipulag og þróun námsumhverfis. Þemavinna.
--	--

Ytra mat

Hvað var matið?	
Hvernig fór matið fram?	Starfsmannakönnu á vegum Sameykis. Ásamt starfsmannasamtöl.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Því miður var ekki mjög góð þátttaka í matinu að þessu sinni en einhverjir starfsmenn svöruðu könnun sem send var. Einnig komu fram upplýsingar úr starfsmannasamtölum.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Helstu niðurstöður matsins benda til þess að starfsfólki líði almennt vel í starfi. Það kom bæði fram í niðurstöðum starfsmannakönnunarinnar og í starfsmannasamtölum. Almenn ánægja meðal starfsfólks var áberandi í báðum tilvikum. Tækifæri til umbóta felast m.a. í því að auka þátttöku í könnunum og mati til að fá skýrari og heildstæðari mynd af viðhorfum starfsfólks.





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	Óformleg handleiðsla/leiðsögn
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Mannauður / stjórnun / leikskólabragur
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Efla stuðning við deildastjóra, draga úr streitu og styrkja leiðtogahlutverk þeirra
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Innleiða reglulega einstaklingsmiðaða leiðsögn/handleiðslu (1x á tveggja mánaða fresti, 30–60 mín). Unnið með raunveruleg mál, ígrundun og lausnaleit
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst: sept 2026 Fyrsta mat: jan 2027 Endurmat: maí/júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Könnun (fyrir/eftir) um streitu, stuðning og öryggi í starfi. Einstaklingsviðtöl sem hluti af ferlinu. Skráning handleiðslufunda (lykilatriði og framfarir). Faglegt mat stjórnanda á breytingum í starfi og samskiptum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Deildastjórar upplifi aukinn stuðning og minna álag. Meirihluti sýnir aukið öryggi í leiðtogahlutverki. Bætt samskipti og sjálfstæði í starfi. Handleiðsla metin gagnleg af meirihluta þátttakenda.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	Móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf,	Mannauður / leikskólabragur





mannauður/leikskólabragur, innra mat)	
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Nýir starfsmenn upplifi stuðning og tilheyri hópnum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Útbúa skriflega móttökuáætlun (tékklista, verkferla og dagskrá fyrstu daga/vikna).
Ábyrgð	Leikskólastjóri og aðstoðarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept. 2026-maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Yfirferð á stjórnendafundi í september. Endurskoðun eftir fyrstu innleiðingu. Viðtöl við nýja starfsmenn eftir 1–2 mánuði. Könnun og stutt samtöl eftir 1 og 3 mánuði
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Móttökuáætlun til staðar og notuð í 100% tilvika nýir starfsmenn telja sig skilja starfshætti vel Nýir starfsmenn upplifi góðan stuðning og jákvæðan starfsanda

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	Fræðslufundir
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Mannauður / stjórnun / leikskólabragur Uppeldis- og menntastarf
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Skapa skipulagðan vettvang fyrir faglega þróun starfsmanna Auka fagþekkingu og miðlun þekkingar innan starfsmannahópsins Auka fagþekkingu og miðlun þekkingar innan starfsmannahópsins





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsmenn og stjórnendur skiptast á að halda stutta fræðslu (t.d. úr námi, námskeiðum eða reynslu). Hvetja til umræðu og tengja við starf leikskólans. Tryggja að allir fái tækifæri til þátttöku (valfrjálst að mæta en hvatt til þátttöku). Skapa jákvætt og öruggt rými til miðlunar.
Ábyrgð	Leikskólastjóri / aðstoðarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst: september 2026 Lok: viðvarandi
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Stutt rafræn könnun 2x á ári + umræður á starfsmannafundum. Kannanir, rýnihópar og mat á þátttöku. 70% starfsmanna mæta á a.m.k. hluta funda.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Fræðslufundir haldnir minnst 6–8 sinnum á ári samkvæmt áætlun. Endurgjöf sýnir að fundir séu gagnlegir og viðeigandi.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat	Orð eru ævintýri þemaverkefni
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Uppeldis- og menntastarf
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að efla orðaforða, málþroska og tjáningu barna með markvissri orðaforðavinnu út frá þemaverkefni tengt <i>Orð eru ævintýri</i> . Stefnt er að því að: börn auki skilning og notkun á grunnorðaforða, orðaforði verði sýnilegur í leik og daglegu starfi, starfsfólk vinni sameiginlega og markvisst með málörvun og fjölbreyttar kennsluaðferðir styðji við þátttöku allra barna





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	<p>Unnið verður með eitt þema í hverjum mánuði Orðaforði verður sýnilegur í umhverfi barnanna með myndum o.fl. Notast verður við myndaspjöld, orðaspil, sögur, söngva o.fl.</p> <p>Starfsfólk mun nýta efnið í daglegum samverustundum, hópastarfi og frjálsum leik.</p> <p>Börn fá tækifæri til að yfirfæra ný orð inn í leik og samskipti. Regluleg skráning og mat verður framkvæmt á orðaforða barna.</p>
Ábyrgð	<p>Deildarstjórar bera ábyrgð í samstarfi við sérkennslustjóra. Allt starfsfólk tekur þátt í framkvæmd verkefnisins.</p>
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	<p>Hefst: september 2026 Lok: viðvarandi</p>
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	<p>Mánaðarleg skráning á orðaforða og þátttöku barna. Mat lagt fyrir í upphafi og lok skólaárs til að meta framfarir barna í orðaforða. Deildarfundir um framvindu verkefnisins.</p> <p>Athuganir á leik barna og notkun nýrra orða í daglegu starfi. Viðtöl og samræður við börn um þemu og orðaforða.</p>
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	<p>Börn sýna aukinn orðaforða og nota ný orð í leik og samskiptum.</p> <p>Börn taka virkan þátt í málörvunarstarfi og sýna aukið sjálfstraust í tjáningu.</p> <p>Orðaforði og þemavinna eru sýnileg í námsumhverfi deildarinnar.</p> <p>Starfsfólk vinnur markvisst og sameiginlega með málörvun í daglegu starfi.</p> <p>Starfsfólk eykur þekkingu sína og færni í málörvun og orðaforðavinnu með þátttöku í verkefninu.</p>





4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fara fram í apríl/maí og eru þau mikilvægur þáttur í faglegri þróun starfsfólks og starfsumhverfis leikskólans. Í samtölunum gefst starfsfólki og stjórnendum tækifæri til að ræða líðan í starfi, styrkleika, markmið, starfsþróun og samstarf með það að markmiði að efla fagmennsku, vellíðan og gæði starfsins. Samtölin stuðla jafnframt að gagnkvæmri endurgjöf og skýrri sýn á áherslur og þróun leikskólastarfsins.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Fræðslu- og starfsþróunaráætlun leikskólans byggir á umbótaáætlun, niðurstöðum innra mats, menntastefnu sveitarfélagsins og áherslum úr starfsþróunarsamtölum starfsfólks. Markmið áætlunarinnar er að efla fagmennsku, styrkja leikskólabrag og styðja við vellíðan og faglegt öryggi starfsmanna.

Áherslur skólaársins 2026–2027 eru:

- leiðtogastuðningur og handleiðsla stjórnenda og deildastjóra
- jákvæður leikskólabragur og starfsánægja
- tengslamyndun og hegðunarskilningur barna
- fagleg ígrundun og miðlun þekkingar innan starfsmannahópsins
- og markviss móttaka og stuðningur við nýtt starfsfólk

Fræðsla og starfsþróun tekur jafnframt mið af heilsustefnu Reykjavíkurborg með áherslu á andlega og félagslega vellíðan starfsfólks, stuðning, forvarnir og jákvætt starfsumhverfi.

Skipulag fræðslu og starfsþróunar

- Reglulegir fræðslufundir verða haldnir yfir skólaárið þar sem starfsfólk og stjórnendur miðla þekkingu og reynslu úr starfi, námi og námskeiðum.
- Deildastjórum verður boðin regluleg handleiðsla og faglegur stuðningur með áherslu á leiðtogahlutverk, samskipti og vellíðan í starfi.
- Á skipulagsdögum verður lögð áhersla á starfsmannamál, leikskólabrag, teymisvinnu og faglega þróun starfsmanna, m.a. með stuðningi og ráðgjöf frá innri þjónustu og/eða utanaðkomandi sérfræðingum.
- Stefnt er að fræðslu tengdri tengslamyndun, hegðunarskilningi og geðrækt barna, m.a. með námskeiðum á borð við Solihull-aðferðina og Tengslamyndun 1D frá Geðverndarfélag Íslands.





- Starfsfólk verður hvatt til þátttöku í námskeiðum, ráðstefnum og vettvangsheimsóknum sem tengjast áherslum leikskólans.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf hefur verið á milli leikskólanna og grunnskólanna í hverfinu. 1. Bekkur hefur komið í heimsókn í sinn gamla leikskóla að hausti og svo fara tilvonandi grunnskólabörn í 3 heimsóknir að vori í þann grunnskóla sem þau fara í inna hverfisins. Tímasetningar á þessum heimsóknum liggja ekki fyrir að svo stöddu.

7. Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf er mikilvægur þáttur í starfsemi leikskólanna og er lögð áhersla á opið, traust og virkt samstarf við foreldra. Fyrir Seljakot og Seljaborg starfar eitt sameiginlegt foreldraráð en sitt hvort foreldrafélagið er við hvorn leikskóla. Að hausti er skipan foreldraráðs endurskoðuð og bætt við fulltrúum ef þörf krefur.

Foreldraráð gegnir mikilvægu hlutverki við stefnumótun og þróun starfsins. Það kemur að yfirlestri starfsáætlunar og skólanámskrár og er haft til samráðs þegar teknar eru stærri ákvarðanir er varða starfsemi leikskólanna.

Foreldrafélögin sinna fyrst og fremst félagslegum og skemmtilegum þáttum sem efla samfélag barnanna og fjölskyldna þeirra. Þar má nefna viðburði eins og heimsókn jólasveins, leiksýningar og skipulagningu sveitaferða auk annarra viðburða sem stuðla að jákvæðu og lifandi skólasamfélagi.

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á ári. Að hausti eru þau valfrjáls en að vori eru allir foreldrar boðaðir í viðtal. Þá er einnig haldinn kynningarfundur fyrir nýja foreldra áður en leikskólaganga hefst og öllum nýjum foreldrum er boðið í einstaklingsviðtal þar sem lögð er áhersla á góðan undirbúning og farsæla aðlögun barna að leikskólastarfinu.





8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla: **Seljaket og Seljaborg**

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 H	1 F	1 S	1 H Fulveldisdagurinn	1 F Þvínisdagur	1 M	1 M Farsaiðarvíka	1 F	1 L Verkefndisdagurinn	1 H	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ Farsaiðarvíka	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M Farsaiðarvíka	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F Vasalósadagur	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F Skipulagsdagurinn	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M Þrettándinn	6 L	6 L Dagur tónlistarskólar	6 Þ	6 F Úppistigningardagur	6 S	6 Þ Sjómanna dagurinn
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 H	8 F	8 S	8 Þ Baráttudagur gegn einelti	8 F	8 M	8 M Bóludagur	8 F	8 Þ	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ Sprengidagur	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M Óskudagur	10 L	10 M	10 F	10 L Skólakitt grunnskóla
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 M	11 F	11 F	11 F Dagur íslenska táknaálísins	11 S	11 M	11 F	11 S
12 L	12 M	12 Þ	12 F	12 L	12 M	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 H	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L Ljóbeldisdagurinn
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F Þerrá/Gölu kaffi ferindi	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S Konudagur - upphaf	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 H	22 F	22 S	22 Þ	22 M	22 F	22 F Bændagur - Upphaf Þorra	22 L	22 F	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ Skráningardagur	23 S	23 M	23 M	23 F
24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F Skráningardagur	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 M	26 F	26 F Fátudagurinn langi	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 F	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 H	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 L	29 L	29 Þ	29 F
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 H	30 F	30 S	30 M	30 F
31 M		31 L			31 S		31 M		31 M		31 L

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að hófu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt saman eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverjum hverfi leitist skólástjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

9. Fylgiskjöl:

9.1 Innra mat sérkennslu í Seljakot 2025-2026

Stefnt var að reglulegum fundum með stuðningsaðilum. Aðeins einn stuðningsaðili var við störf framan af skólaári og voru samtölin því óformleg en mjög regluleg. Samvinna gekk mjög vel og voru verkefni unnin jafnt og þétt án formlegra funda. Á vorönn bættust tveir stuðningsaðilar við og var sest niður með hverjum stuðningsaðila fyrir sig en reglulegir fundir náðu ekki festu.

Styrkleikar

Þó reglulegir fundir hafi ekki náð festu lágu styrkleikarnir í því að boðleiðir voru stuttar og samvinnan byggðist á sterkum grunni. Það var alltaf tími fyrir samtöl, endurgjöf og ígrundun sama hversu umfangsmikil málin voru.





Tækifæri

Það að halda reglulega fundi bætir starfið enn betur og er tækifæri til að festa þá enn betur í starf sérkennsluteymis.

9.2 Innra mat Mýri og Mói 2025-2026

Stefnt var að því að efla skilning barna á afstöðu- og staðsetningarhugtökum. Mat starfsfólks og skráningar benda til að hugtökin hafi verið markvisst nýtt í leik og daglegu starfi og að börnin sýni aukinn skilning og notkun þeirra í leik og samskiptum.

Styrkleikar

Unnið markvisst með grunnvallar afstöðu/staðsetningarhugtök í leik barna, bæði á deildum og í lðjunni. Sú vinna studdi við félagsleg tengsl milli deilda. Starfsfólk lagði einnig aukna áherslu á að setja orð á athafnir barna og nýta myndrænan stuðning í vinnu sinni með stærðfræði og hugtök. Börnin sáu nýta sér hugtökin í sjálfsprottum leik.

Tækifæri

Framangreindir þættir eru hluti af stöðugu þróunarstarfi sem krefst reglulegrar endurskoðunar. Áframhaldandi vinna með nýjum barnahópi í að efla orðaforða þeirra og hugtakaskilning með fjölbreyttum aðferðum verður hluti af okkar starfi áfram.

9.3 Umbótaáætlun Mýri og Mói 2026-2027

Deild/aldur barna	Mýri og Mói
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sköpun /rannsóknarleik
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla sköpun barna í daglegu starfi með fjölbreyttari efnivið og auknum tækifærum til rannsóknar og tilrauna. Að gera hugmyndir, ferli og sköpun barna sýnilegri í





	<p>umhverfi deildarinnar.</p> <p>Að styðja betur við sjálfstæði barna í vali, framkvæmd og úrvinnslu verkefna.</p>
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	<p>Boðið verður reglulega upp á opnar skapandi stöðvar þar sem börn hafa aðgang að fjölbreyttum efnivið.</p> <p>Efniviður verður gerður aðgengilegur börnum þannig að þau geti sjálf valið og þróað eigin hugmyndir.</p> <p>Starfsfólk skráir ferli, umræður og hugmyndir barna með ljósmyndum og/eða skráningum.</p> <p>Listaverk, rannsóknir og ferli barna verða sýnileg í umhverfi deildarinnar.</p> <p>Útinám og efnissöfnun í nærumhverfi verður reglulegur þáttur í starfinu.</p>
Ábyrgð	Deildastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	<p>Regluleg ígrundun á deildarfundum.</p> <p>Skráningar og ljósmyndir skoðaðar og ræddar.</p> <p>Samræður við börnin um verkefni og efnivið.</p> <p>Mat á þátttöku, frumkvæði og sjálfstæði barna í leik og sköpun.</p> <p>Skoðað hvernig umhverfið styður við skapandi starf og sjálfstætt val barna.</p>
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	<p>Börn sýna aukið frumkvæði í leik og sköpun.</p> <p>Börn nýta fjölbreyttan efnivið á sjálfstæðan hátt.</p> <p>Hugmyndir og áhugi barna endurspeglast í skipulagi starfsins.</p> <p>Sköpun barna og vinnuferli eru sýnileg í umhverfi deildarinnar.</p> <p>Börn taka virkan þátt í rannsókn, tilraunum og skapandi leik.</p>





9.4 Innra mat Sel, Kot og Ból 2025-2026

Um áramót hófst vikuleg stund þar sem árgangar eldri deilda hittust einu sinni í viku í 45-50 mínútur í senn. Tilgangurinn með því var að efla árgangana og vináttu barnanna sem og finna efnivið við þeirra hæfi/aldur. Þessi vinna hefði mátt vera markvissari hvað varðar verkefni fyrir hvern árgang og verður það án nokkurs vafa ef haldið verður með hana á næsta skólaári

Styrkleikar

Mikil áhersla var lögð á að efla lýðræði og styrkja raddir barnanna. Búnir voru til ráðgjafahópar úr 3-4 börnum þar sem þau settust niður með starfsmanni og starfið á deildunum var rætt. Þar gátu þau látið skýrt í ljós hvað þeim fannst ganga vel og var skemmtilegt og hvað mætti betur fara.

Tækifæri

Ofangreindir þættir eru hluti af stöðugu þróunarstarfi sem krefst reglulegrar endurskoðunar. Ákveðið hefur verið að leggja sérstaka áherslu á sköpun og útinám á næsta skólaári.

9.5 Umbótaáætlun Sel, Ból og Kot 2026-2027

Deild/aldur barna	Sel, Kot og Ból
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Uppeldis og menntastarf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að tvinna saman sköpun og útinám (náttúruna) í daglegu starfi Úrvinnsla útináms verður gerð sýnileg og börnin hvött til að koma með hugmyndir og áhugi þeirra eltur.





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Farið verður í útinám með öllum aldri þar sem nærumhverfið verður rannsakað. Börn fá að skapa út frá náttúrunni og rannsóknum þeirra á náttúrufyrirbærum. Hugmyndir og sköpun barna verða skráðar og gerðar sýnilegar á deildinni.
Ábyrgð	Deildastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 Maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningar og ígrundun á deildarfundum. Samræður við börnin. Fylgst með þátttöku og áhuga barna í útinámi og sköpun.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börn sýna áhuga og hafa eflst í útinámi. Þekkja nærumhverfi sitt og hvaða möguleika það býður uppá. Börn nýta fjölbreyttan efnivið sköpun. Sköpun og hugmyndir barna sjást í umhverfi deildarinnar.

9.6 Innra mat fjölmennningar í Seljakot og Seljaborg 2025-2026

Vinna við umbótaþáttinn gekk vel og var verkefnið undirbúið með markvissum hætti. Útbúinn var bókalisti fyrir skipulagðar lestrarstundir og valin orð sem leggja átti sérstaka áherslu á í hverri lestrarstund. Upphaflega var lagt upp með að vinna með fimm orð í hverri stund, en í framkvæmd reyndist árangursríkara og raunhæfara að leggja áherslu á tvö orð í senn. Sú aðlögun gaf börnunum betra svigrúm til að tileinka sér orðin og vinna með þau í samhengi við söguna.

Lestarrundirnar voru skipulagðar með það að markmiði að efla orðaforða, málskilning og þátttöku fjöltyngdra barna í gegnum sögulestur og samtal. Verkefnið fellur vel að áframhaldandi áherslum leikskólans um markvissa málörvun barna með íslensku sem annað mál.

Í framhaldinu væri æskilegt að útbúa sýnidæmi eða leiðbeinandi verklag sem sýnir hvernig lestrarstundirnar voru undirbúnar og framkvæmdar. Slíkt myndi auðvelda starfsfólki að halda verkefninu áfram með samræmdum hætti og styðja við að vinnan festist betur í sessi á næsta skólaári.





Styrkleikar

Verkefnið var undirbúið með markvissum og skipulögðum hætti. Útbúinn var bókalisti og valin orð til að leggja áherslu á í lestrarstundum. Vel gekk að aðlaga framkvæmdina að þörfum barnanna, þar sem áhersla á tvö orð í hverri stund reyndist henta betur en fimm orð. Lestrarstundirnar sköpuðu góð tækifæri til að efla orðaforða, málskilning og þátttöku fjöltyngdra barna í gegnum sögulestur og samtal.

9.7 Umbótaáætlun fjölmening Seljakot og Seljaborg 2026-2027

Deild/aldur barna	Fjölmening
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Að styrkja þátttöku tví- og fjöltyngdra barna í orðaforðavinnu út frá Orð eru ævintýri
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Markmiðið er að styrkja þátttöku tví- og fjöltyngdra barna í þemaverkefninu Orð eru ævintýri með því að gera lykilorðaforða aðgengilegri, sýnilegri og markvissari í daglegu starfi. Sérstök áhersla verður lögð á myndrænan stuðning, endurtekningu og einfaldar setningar sem styðja börn við að skilja og nota ný orð í leik, samskiptum og daglegum athöfnum. Með þessu er stefnt að því að fjöltyngd börn fái aukin tækifæri til virkrar þátttöku í málörvunarstarfi leikskólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Í tengslum við hvert mánaðarþema í Orð eru ævintýri verða valin nokkur íslensk lykilorð sem unnið verður sérstaklega með út frá þörfum tví- og fjöltyngdra barna. Orðin verða sett fram með myndum, endurtekningu og einföldum setningum sem starfsfólk notar markvisst í samverustundum, hópastarfi, frjálsum leik og daglegum aðstæðum. Starfsfólk verður hvatt til að tengja orðin við raunverulegar aðstæður í leikskólanum, til dæmis í fataklefa, matartíma, útiveru og leik. Verkefnið verður hluti af þeirri orðaforðavinnu sem þegar fer fram innan þema verkefnis Orð eru ævintýri og krefst því ekki sérstakrar





	viðbótarframkvæmdar heldur skýrari áherslu á aðgengi og þátttöku fjöltýngdra barna.
Ábyrgð	Deildarstjórar og verkefnastjóri fjölmennningar bera ábyrgð á framkvæmd. Allt starfsfólk tekur þátt í að nota lykilorð, myndrænan stuðning og einfaldar setningar í daglegu starfi.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Matið fer fram með einfaldri skráningu í upphafi og lok hvers mánaðar. Fylgst verður sérstaklega með tví- og fjöltýngdum börnum og metið hvort þau sýni aukinn skilning á lykilorðum mánaðarins, taki þátt í verkefnum tengdum orðaforðanum og nýti orðin í leik og samskiptum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Skráningin nýtist starfsfólki til að sjá framfarir barna og meta hvort þörf sé á auknum stuðningi, endurtekningu eða myndrænum leiðum í orðaforðavinnunni.

9.8 Innra mat sérkennslu í Seljaborg 2025-2026

Stefnt var að reglulegum fundum með stuðningsaðilum. Aðeins einn stuðningsaðili var við störf og byrjaði á vorönn. Samtölin voru því óformleg en mjög regluleg. Samvinna gekk mjög vel og voru verkefni unnin jafnt og þétt án formlegra funda.

Styrkleikar

Þó reglulegir fundir hafi ekki náð festu lágu styrkleikarnir í því að boðleiðir voru stuttar og samvinnan byggðist á sterkum grunni. Það var alltaf tími fyrir samtöl, endurgjöf og ígrundun sama hversu umfangsmikil málin voru.

Tækifæri

Það að halda reglulega fundi bætir starfið enn betur og er tækifæri til að festa þá enn betur í starf sérkennsluteymis.





9.9 Innra mat Lækur og Tjörn 2025-2026

Á síðasta skólaári varð greinileg aukning á þátttöku starfsfólks í leik barna og meiri skilningur þróaðist á mikilvægi leiksins í námi og samskiptum. Kennarar voru virkari með börnunum og skapaðist betri tenging milli barna og fullorðinna í daglegu starfi.

Styrkleikar

Starfsfólk á Læk og Tjörn varð meðvitaðra um leik barna og hvað var að gerast í leiknum. Kennarar tengdust börnunum betur og tóku meiri þátt í leik á forsendum þeirra. Þrátt fyrir að skráningar hafi verið takmarkaðar er samhljómur um að umbótaþátturinn hafi skilað góðum árangri og haft jákvæð áhrif á starfshætti.

Tækifæri

Tækifæri felast í að byggja áfram á aukinni meðvitund starfsfólks og þróa starfið í átt að auknu lýðræði. Auka má þátttöku barna í ákvörðunum um leik, viðfangsefni og daglegt starf, til dæmis með því að leyfa þeim að velja mánaðarleg viðfangsefni og taka þátt í skipulagningu.

Einnig er tækifæri til að efla skráningar og nýta þær betur í skipulagi, ásamt því að gera rödd barna sýnilegri í mati, til dæmis með hugarkortum og samtölum.

9.10 Umbótaáætlun Lækur og Tjörn 2026-2027

Deild/aldur barna	Lækur og Tjörn
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lýðræði
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt er að því að efla lýðræðislega starfshætti á deildinni með því að skapa markviss tækifæri fyrir börn til að taka þátt í ákvörðunum. Lögð er áhersla á að börn taki þátt í vali á mánaðarlegum viðfangsefnum, hafi áhrif á skipulag hátíða og viðburða og fái tækifæri til að tjá hugmyndir





	sínar og skoðanir. Markmiðið er að börn upplifi að rödd þeirra skipti máli og að þau hafi raunveruleg áhrif á daglegt starf.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Innleiðing hefst strax við upphaf skólaárs með því að auka val barna í daglegu starfi, svo sem í verkefnum og leiksvæðum. Sett verður upp hugmyndaveggur þar sem börn geta sett fram hugmyndir sínar með teikningum eða myndum. Haldið verður reglulega barnaráð eða samverustundir þar sem rætt er við börn um starfið og hugmyndir þeirra. Í upphafi hvers mánaðar taka börn þátt í vali á viðfangsefnum með umræðu, myndum eða einföldum kosningum. Börn taka einnig þátt í skipulagningu hátíða og viðburða. Reglulega verður unnið með hugarkort þar sem börn segja frá því sem þau hafa gert, lært og vilja gera næst. Starfsfólk skráir og ígrundar starfið jafnt og þétt.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagi, eftirfylgni og mati umbótaþáttarins. Allt starfsfólk deildarinnar tekur virkan þátt í framkvæmd, skráningu og ígrundun.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Umbótaþátturinn hefst strax við upphaf skólaárs í ágúst eða september og er unnið með hann samfellt yfir allt skólaárið. Áætluð lok eru í maí eða júní með lokamati.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mat fer fram reglulega yfir árið með hugarkortum, samtölum við börn og ígrundun starfsfólks. Lokamat í lok skólaárs.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Árangur felst í því að börn taki virkan þátt í starfinu, tjái hugmyndir sínar oft og með auknu öryggi og sýni meira sjálfstæði og ábyrgð. Einnig að hugmyndir barna sjáist í skipulagi starfsins, til dæmis í vali á viðfangsefnum og framkvæmd hátíða. Jafnframt er horft til þess að börn sýni aukna vellíðan og þátttöku og að starfsfólk nýti niðurstöður mats til að þróa starfið áfram.





9.11 Innra mat Lundur 2025-2026

Á Lundi var lögð áhersla á rólegt og öruggt umhverfi þar sem frjáls leikur, hæglæti, málörvun og sjálfshjálp voru í forgrunni. Barnahópurinn var fjölbreyttur og unnið var markvisst að því að styðja við vellíðan, málþroska og sjálfstæði hvers barns.

Styrkleikar

Styrkleiki starfsins fólst meðal annars í rólegu og barnmiðuðu umhverfi þar sem þarfir og áhugi barnanna fengu að móta daginn. Markviss vinna með málörvun, sjálfshjálp og hæglæti studdi vel við þroska, sjálfstæði og vellíðan barnanna. Einnig voru góð tengsl við heimilin sýnileg í gegnum persónulegar möppur og þátttöku foreldra.

Tækifæri

Að þróa áfram stuðning við börn sem þurfa lengri tíma í aðlögun og efla enn frekar málörvun fyrir fjölgtyngd börn og börn sem þurfa aukinn stuðning. Jafnframt má nýta skráningar markvissar í mati og skipulagi starfsins til að gera nám og framfarir barna enn sýnilegri.

9.12 Umbótaáætlun Lundur 2026-2027

Deild/aldur barna	Lundur
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt er að því að efla markvissa málörvun í daglegu starfi leikskólans með því að nýta fjölbreyttar aðferðir sem styðja við orðaforða, málskilning og tjáningu allra barna, með sérstakri áherslu á börn með annað móðurmál og þau sem þurfa aukinn stuðning í málþroska.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Lögð verður áhersla á meðvitaða þátttöku kennara í tjáskiptum við börnin, með opnum spurningum og ríkulegu máli í leik og daglegum aðstæðum. Einnig verður lögð





	áhersla á markvissa notkun bóka, myndræns efnis þ.a.m. bókarinnar „Orð eru ævintýri“ og aðferða eins og flæðilesturs og „Gefðu 10“. Jafnframt verður lögð áhersla á að setja orð á allar athafnir, syngja og leika, þannig að allt umhverfið verði hvetjandi fyrir börnin til að efla orðaforða sinn og málskilning.
Ábyrgð	Deildarstjóri mun bera ábyrgð á skipulagningu, eftirfylgni og mati umbótaþáttarins. Starfsfólk deildarinnar mun taka virkan þátt í framkvæmd, skráningu og ígrundum.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept/okt 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildafundum, þar sem farið yfir hvernig gengur og hvað má gera betur. Samtöl við börn.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Árangur verður metinn út frá því hvort börn sýni framfarir í orðaforða, málskilningi og tjáningu í daglegu starfi, sem og aukinni þátttöku í leik, söng og samtölum. Metið verður hvort aðferðir eins og opnar spurningar, að setja orð á athafnir, flæðilestur og „Gefa 10“ séu notaðar markvisst í daglegu starfi með börnunum. Skráningar, ígrundum starfsfólks og samskipti við foreldra verða nýtt til að fylgjast með framförum barna.

F. h. leikskólans Seljakots og Seljaborgar

Hulda Karen Eyjólfsdóttir

Leikskólastjóri

26.05.2026

Dagsetning





9.13 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027 Seljakot og Seljaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Gísli Birgir Sveinsson

Sif Guðmundsdóttir

Hildur Sif Pálmarsdóttir

Steinunn Anna Baldvinsdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, okkur finnst starfsáætlunin endurspegla vel það starf sem hefur verið unnið á síðasta skólaári.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já, starfsáætlunin er skýr.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, hún gefur góða mynd af starfinu í leikskólanum og þeim verkefnum sem unnið er að. Það er flott að sjá bæði niðurstöður mats og hvernig þær eru nýttar til að þróa starfið áfram.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Áætlunin er auðvitað mjög ítarleg og löng svo það væri gott að fá kannski stutta samantekt á helstu breytingum og umbótaraðgerðum sem við eigum von á á komandi skólaári.

Fulltrúar í foreldraráði:

Gísli Birgir Sveinsson

Sif Guðmundsdóttir

Hildur Sif Pálmarsdóttir

Steinunn Anna Baldvinsdóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði



